

Svar

mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn frá Birni Leví Gunnarssyni um störf þingmanna á vegum framkvæmdarvaldsins.

1. Hvaða þingmenn hafa setið í nefndum, ráðum, framkvæmdahópum eða öðrum hópum á vegum ráðuneytisins ár hvert frá árinu 2006?

Eftirfarandi þingmenn hafa setið í nefndum á vegum ráðuneytisins á þingmannstíð sinni:

Nafn	Ár
Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, varaþingmaður	2007
Ragnheiður Ríkharðsdóttir, þingmaður	2009
Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, þingmaður	2017

2. Hverjar þessara nefnda voru launaðar og hver voru árleg laun hvers þingmanns?

Eftirfarandi þingmenn fengu greidd laun fyrir setu sína í eftirfarandi nefndum:

Nafn	Ár	Nefnd	Laun
Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, varaþingmaður	2007	Efling skákar í grunnskólum	13.689 kr.
Ragnheiður Ríkharðsdóttir, þingmaður	2009	Æskulýðsráð ríkisins	135.594 kr.
Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, þingmaður	2017	Æskulýðsráð ríkisins	33.870 kr.

3. Hvað má ætla að þingmenn hafi lagt mikla vinnu í tímum talið í störf fyrir nefndina ár hvert?

Áætlað vinnuframlag þingmanna fyrir nefndina ár hvert var eftirfarandi:

Nafn	Ár	Nefnd	Tímar
Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, varaþingmaður	2007	Efling skákar í grunnskólum	5
Ragnheiður Ríkharðsdóttir, þingmaður	2009	Æskulýðsráð ríkisins	35
Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, þingmaður	2017	Æskulýðsráð ríkisins	6

4. Hafa þingmenn fengið laun fyrir aðra vinnu á vegum ráðuneytisins? Ef svo er, fyrir hvað og hvenær?

Á árunum 2009 til 2013 fékk Þráinn Bertelsson greidd heiðurslaun listamanna, samtals 9.242.000 kr.

5. Hafa þingmenn unnið ólaunaða vinnu við verkefni eða nefndastörf á vegum ráðuneytisins frá árinu 2006, og ef svo er, hvaða?

Nei.

6. *Hafa þingmenn fengið laun sem verktakar frá ráðuneytinu frá árinu 2006 og ef svo er, fyrir hvaða verkefni og hver var fjárhæð umbunar fyrir það?*

Enginn þingmaður hefur fengið greidd laun sem verktaki á þingmannstíð sinni.

7. *Hvaða „afurð“ skilaði hver nefnd sem þingmaður átti sæti í af sér í lok starfstíma nefndarinnar og hvert var henni skilað?*

Nefnd, er viðkomandi þingmaður sat í, skilaði skýrslu til ráðherra.

8. *Hvaða reglur hefur ráðuneytið sett um setu þingmanna í nefndum á vegum ráðuneytisins?*

Ráðuneytið hefur ekki sett sér skriflegar reglur um setu þingmanna í nefndum á vegum þess.